

HREYFUM NÁMSEFNIÐ



Sigurður Reynir Ragnhildarson

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Breiðagerðisskóli

Nafn verkefnisins: Hreyfum námsefnið

Nafn verkefnisstjóra: Sigurður Reynir Ragnhildarson

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

- Auka hreyfingu í námi og sporna við kyrrsetu nemenda í almennri kennslu.
- Þróa kennsluhætti sem miða að því að kenna námsefni í gegnum hreyfingu, leiki, þrautir, tjáningu, samvinnu, sköpun og keppni.
- Brúa bil á milli leikskóla og grunnskóla.
- Auka gleði af læsi, upplýsingaöflun og lærdóm.
- Ýta undir forvitni og áhuga í leit að lausnum.
- Auka sjálfstæði í vinnubrögðum og einstaklingsmiðun í námi.
- Styðja kennara við að innleiða fjölbreytta, verklega og heyfimiðaða kennsluhætti.
- Skapa umgjörð sem minnkar kyrrsetu í kennslu.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði



Í byrjun skólaárs var sett saman þróunarteymi sem samanstóð af íþróttakennurum Breiðagerðisskóla. Þau sem voru í teyminu hittust á mánaðarlegum fundum til að fara yfir stöðuna, ræða nýjar leiðir í kennslu og skipulagningu í kringum verkefnið.

Hugmyndum var safnað saman og út frá þeim byrjað að útbúa verkefni. Í byrjun var, í samráði

við kennara yngra stigs, mikið verið að þróa verkefni út frá bókstöfum og læsi. Sem dæmi má nefna að tengja saman hástafi og lágstafi, para orð og mynd, allt í gegnum leiki, þrautir og hreyfingu.

Í framhaldi af því var haldið áfram að útbúa verkefni tengd málskilning, stærðfræði og fleira.

Við gerð verkefnanna var haft í huga að hægt yrði að aðlaga þau yfir á fleiri námsstig. Útbúnað var fleiri útgáfur af sama verkefninu svo hægt væri að nýta það á sem flestum námsstigum. Einnig voru verkefni útfærð með mismunandi ákefð svo hægt væri að kenna þau á sem flestum stöðum, hvort sem það væri í kennslustofu, sal eða úti.

Í upphafi ákvað þróunarteymið að verkefni skildu vera auðveld í framkvæmd og að þau myndu líta eins út. Þá var gerður ákveðinn rami og hannað staðlað útlit sem öll verkefni voru færð inn í. Í þessu staðlaða útliti kemur fram:

- Hvar hægt sé að nýta verkefnið
 - o Kennslustofa, Salur, Úti
- Ákefðin á verkefninu
 - o Lág (lítið um hlaup), Miðlungs, Há (mikil hreyfing)
- Æskilegur fjöldi nemenda
 - o Minnst – Mest (4 – 30)
- Áhöld
 - o Spilastokkur, Túss, Blöð, Stafir o.fl.
- Reglur á einföldu máli
- Mismunandi útgáfur af verkefninu
 - o Einfaldari/flóknari, Bókstafir/Tölustafi

Til þess að verkefni yrðu auðveld í framkvæmd var ákveðið að allt væri tilbúið og á stað þar sem auðvelt væri að nálgast námsefnið. Verkefnum er safnað saman í möppu á aðgengilegum stað. Öll spjöld, úrklippur, spil, myndir og fleira sem þarf að nota er kyrfilega merkt á sama stað.

Hugmyndin er sú að kennari á að geta valið sér verkefni og tekið með sér allt sem þarf til að framkvæma verkefnið án þess að þurfa að útbúa neitt sjálfur.

Þar sem verkefni stuðla að því að nemendur eru mikið á hreyfingu við námið skapast hjá mörgum öðrvísi rammi í kennslustundinni en þau eru vön. Með því að hafa verkefni þægilega upp sett og eins auðveld í framkvæmd og við töldum okkur geta gert vorum við að vonast til þess að þau yrðu frekar nýtt.

Kennararnir í þróunarteyminu nýttu tilbúin verkefni reglulega sem hluta af íþróttatíma. Í öðrum íþróttatímanum hjá 1. bekk var nemendum skipt upp í fleiri hópa þannig að færri

nemendur voru í hverjum hóp. Þeir timar voru mikið nýttir til þess að prófa námsefnið og þróa það áfram.

Með þessu öðluðust kennararnir reynslu og þekkingu af verkefnunum svo hægt væri að beturumbæta verkefnið og sjá hvar og hvernig væri hægt að leggja þau fyrir.

Þróunarteymið vildi einnig leggja verkefnið fyrir sjálf þannig að hægt væri að miðla betur til samstarfskennara upplýsingum og reynslu þegar byrjað verður að kynna og innleiða verkefnið í almenna kennslu.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Vegna framkvæmda við skóla, skólalóðar, íþróttasal og íþróttakennararými hófst verkefnið ekki að fullu fyrir en strax eftir áramót. Tíminn fyrir áramót var að mestu nýttur hjá þróunarteyminu að ræða hugmyndir, hugsanlegar hindranir, verkefni og skipulag eftir áramót.

Vegna þessa náðist ekki að innleiða kennsluaðferðirnar og verkefnið í almennar kennslustundir eins og stóð til þar sem kennararnir í þróunarteyminu vildu fyrst prófa að kenna verkefnið sjálf, sjá hvað virkar vel eða illa, sjá hvað hægt væri að bæta og beturumbæta þau í framhaldið.



Til stendur að kynna og innleiða þróunarverkefnið við byrjun næsta skólaárs.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Helsta hindrunin sem kom upp var tímaskortur. Það tók okkur lengri tíma að útbúa verkefnið og setja þau upp í staðlað form en við höfðum gert ráð fyrir.

Hinsvegar teljum við þessa hindrun smávægilega þar sem búið er að skapa ramma og ákveðinn grundvöll fyrir áframhaldandi þróun verkefnisins og kennsluaðferða.

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Markmiðið með þessu verkefni var að þróa hreyfimiðaða kennsluhætti sem hægt væri að nota í almennri kennslu. Þróunarhópurinn telur mikilvægt að fara ekki of geyst af stað svo innleiðingin verði markviss og festist í sessi.

Nefna má nokkur atriði sem við teljum ávinning af vinnu við verkefnið:

- Brúa bil milli leikskóla og grunnskóla
- Fjölbreyttari kennsluhættir í almennri kennslu
- Fjölbreyttari kennsla í innleiðingu bókstafa og tölustafa hjá yngsta stigi
- Lestrarkennsla og stærðfræðikennsla í leikjaformi
- Auka sköpun og gleði í námi
- Samvinna nemenda
- Sjálfstæði í lausn verkefna
- Áþreifanleg nálgun á nám og viðfangsefni
- Minni kyrrseta nemenda í almennri kennslu
- Grundvöllur fyrir áframhaldandi vinnu við hreyfimiðaða kennsluhætti
- Festa í sessi hreyfimiðaða kennsluhætti á fleiri skólastigum
- Skapa heilsueflandi og heilsuhvetjandi umhverfi
- Nýta má námsefnið á fleiri stöðum, svo sem við útikennslu

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

- Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?

Lögð er áhersla að þróunarverkefni komi inn í nám nemenda og falli að öðru starfi skólans. Námsefnið má einnig nýta við útikennslu. Ávinningur af verkefninu mun, með eftirfylgni, aukast með tímanum þegar fleiri kennarar hafa tileinkað sér kennsluhættina og nýta verkefnið í auknu mæli. Hugur er á að þróa verkefnið áfram og bæta við verkefnum.

Niðurstöður verkefnisins: T.d eftirfarandi og/eða annað sem við á varðandi niðurstöður

Meginmarkmið verkefnisins var að ræða, undirbúa og þróa leiðir til að auka hreyfingu í námi og sporna við kyrrsetu nemenda. Einnig vildum við auka gleði við innleiðingu bókstafa, tölustafa og kennslu læsis.

Við vildum styðja við kennara þannig að fjölbreyttir, verklegir og hreyfimiðaðir kennsluhættir yrðu hluti af skólastarfinu til lengri tíma.

Mappa með verkefnum hefur verið útbúin og teljum við markmiði um að þróa og undirbúa leiðir til að auka hreyfingu í námi og sporna við kyrrsetu náð. Sköpuð hefur verið umgjörð og rammi svo auðvelt er að bæta við verkefnum í verkefnamöppuna. Nemendur hafa gaman af þessum tímum og bíða með tilhlökkun að mæta á þeim dögum sem tímarnir eru. Því teljum við okkur hafa tekist ágætlega til að auka gleði við lærdóminn.

Þessar kennsluáðferðir eru ólíkar því sem verið er að gera í öðrum tímum og teljum við okkur með þessum verkefnum vera að ná markmiðum um að vera með fjölbreyttari og hreyfimiðaða kennsluhætti.

Nemendur í fyrsta bekk mæta einu sinni í viku í tíma sem hafa verið titlaðir “hreyfing”. Árganginum er skipt upp í þrjá hópa og mæta þau 15 – 18 saman í hvorum hóp fyrir sig. Í þessum tímum er unnið með verkefni úr Hreyfum námsefnið. Í upphafi skólaárs voru þessir tímar að mestu úti en þegar líða tók á september færðum við okkur inn í skólastofu. Þeir tímar sem voru úti voru að mestu nýttir í verkefni sem voru með hærri ákefð og erfiðari að framkvæma inni í stofu. Verkefni sem eru með hárri ákefð er mælt með að nýta helst úti, í sal eða stóru rými.

Þegar við færðum okkur inn var farið í verkefni með miðlungs eða lægri ákefð. Í þeim verkefnum sem við höfum verið að vinna inni er ekki leyfilegt að hlaupa. Nemendur eru hinsvegar ávallt á hreyfingu og sitja aldrei við borð í þessum tímum.

Það tók fyrstu tvo til þrjá tímana fyrir nemendur að átta sig á rammanum og reglunum sem gilda þegar verið er að vinna á og með hreyfingu. Þau eru oft mjög spennt og áttu í byrjun erfitt með að tala á lágu nótunum og ganga á viðeigandi hraða um stofuna.

Þessir tímar hafa mikið verið nýttir, nú í upphafi árs, við að vinna með stafí og orð. Þá hafa þau verið að vinna með hástafí og lágstafí, safna í orð, búa til orð, tengja saman orð og myndir og fleira.

Okkur finnst þessir tímar ganga mjög vel. Um leið og það er kominn rammi utan um hvað má og hvað má ekki í þessum tímum verða þeir bæði markvissir og skemmtilegir. Nemendur eru mjög spenntir að mæta í þessa tíma og hafa haft gaman af þeim verkefnum sem búið er að leggja fyrir þau.

Við teljum að verkefnið hafi tekist vel til og hyggjumst halda áfram að þróa og útbúa verkefni og styðja við kennara að tileinka sér námsefnið. Vilji er hjá skólanum og kennurum að nýta námsefnið og ýta undir heilsueflandi og heilsuhvetjandi nám.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Í janúar fer fram kynning fyrir starfsfólk skólans á verkefninu Hreyfum námsefnið. Þar verður farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru í verkefninu og hvernig við teljum þær nýtast í almennri kennslu.

Á kynningunni munum við láta starfsfólk fara í verkefnin úr möppunni þannig að þau átti sig á hvað verkefnin ganga út á. Með því viljum við einnig sýna þeim hversu auðvelt er að tileinka sér þessar aðferðir í tímum í sinni kennslu.

Kennurum verður kynnt verkefnamappan og farið yfir hvernig verkefnin eru sett upp og þau hvött til þess að nýta verkefnin sem hluta af sinni kennslu. Þá verður þeim boðið að fá okkur sem eru að vinna í verkefninu til þess að hjálpa þeim að setja upp svona tíma ef þau vilja fyrst um sinn.